Kennsluáætlun - Samfélagsfræði / íslenska / sköpun heimsins
og sögur úr Gamla testamentinu / myndmennt.
Aðal kennslustund - Vorönn - 26. Apríl - 14. Maí 2027
3.-4. bekkur
2026-2027
Waldorfskólinn Sólstafir
Kennari: Guðbrandur Bragason

Lýsing á tilhögun kennslunnar:
- Byrjað verður á því að greina frá sköpun heimsins samkvæmt Gamla testamentinu. Þetta verður gert á sjö dögum og mála nemendur þróunina hvern dag fyrir sig.
- Í framhaldi verða tvær sögur sagðar úr Gamla testamentinu .
- Munu nemendur skrá söguþráð sagnanna í stuttu máli í vinnubækur sínar og myndskreyta.

Markmið:
- Er m.a að skapa líflegar umræður um boðskap sagnanna og tengingu hans við daginn í dag og almennt eðli mannsins.
- Að nemendur upplifi ólíka sýn mannsins á upphaf alheimsins.
- Að nemendur túlki sköpunarsöguna með málun.
- Að nemendur skrái söguþráð (að einhverju leyti) og myndskreyti sögurnar sem sagðar eru.
- Að nemendur átti sig á því að skýring mannsins á tilgangi og hlutverki sínu takmarkist ávallt af þeim tíma sem hann lifir á.

Kennsluaðferðir:
- Smá fyrirlestrar og upplestar við töflu.
- Umræður nemanda hvor við aðra og kennara.
- Skrásetning í vinnubækur.
- Túlkun í myndlist, málun og teikning.

Hæfniviðmið:
- Námsefnið er samkvæmt 4.bekkjar kennsluefni Waldorfstefnunnar. Á aldrinum 9-10 ára hafa börnin öðlast meiri vitrænan þroska sem gott er að höfða til með sögum úr Gamla testamentinu.

Námsefni:
Sköpunarsagan og sögur úr gamla testamentinu. (*Old testament stories*,Roy wilkinson og *Journey to the promised land*, Biblical stories Retold by Jakob Streit)

Námsmat:
Virkni og þátttaka í tímum.
Vinnubrögð og frágangur.
Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.